

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hörgársveit.

Hagaskógar, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 13. desember 2024 breytingu á deiliskipulagi lóðanna Hagaskógar 9 (L235466) og 11 (L235467) í landi Glæsibæjar, 2. áfanga, þar sem mörk lóðanna gagnvart nærliggjandi göngustíg eru leiðrétt, ásamt breyttum byggingarreitum og nýtingarhlutfalli.

Hagaskógur 9:

Lóðarmörk að norðan verða leiðrétt og færð um 4 m til suðurs.

Lóðarmörk að austan verða færð til austurs.

Byggingarreitur breytist einnig og færist til samræmis við ný lóðarmörk en stækkar til austurs.

Lóðarstærð eftir breytingu verður 3.984 m².

Nýtingarhlutfall eftir breytingu verður 0,125.

Hagaskógur 11:

Lóðarmörk að austan verða færð lengra til austurs og lóð því stækkuð um 858,5 m².

Byggingarreitur stækkar einnig til austurs og lítillega til norðurs.

Lóðarstærð eftir breytingu verður 5.472,5 m².

Nýtingarhlutfall eftir breytingu verður 0,091.

Aðrir skipulagsskilmálar lóðarinnar breytast ekki.

Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hörgársveitar, 5. mars 2025,

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 19. mars 2025